

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavík, nr. 1024/2010.

1. gr.

6. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar verður svohljóðandi:

Gjald vegna reksturs endurvinnslustöðva: 5.265 kr./íbúð. Gjaldi vegna endurvinnslustöðva er ætlað að standa undir kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar í rekstri endurvinnslustöðva Sorpu bs.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af borgarráði Reykjavíkurborgar með heimild í 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 17. janúar 2012.*

**Jón Gnarr.**

---

B-deild – Útgáfud.: 1. febrúar 2012